

18

28. febr.

Atkvæðagreiðsla fer þannig fram, að fulltrúarnir rétta upp hönd sína. Nafnakall skal þó hafa ef 3 fulltrúar hið fæsta krefjast þess og ef forseti virðist ekki mega glögg t ráða af atkvæðagreiðslu um málsúrslit. Við nafnakall greiða bæjarfulltrúar atkvæði eftir tölusettri nafnaskrá í stafrófsröð, og skal hlutkesti ráð í hvert sinn á hverjum skuli byrja. Bæjarfulltrúa er skylt að greiða atkvæði við nafnakall, nema hann leiði rök að undanfærslu sinni, er forseti tekur gilda, enda er bæjarfulltrúa rétt að skjóta úrskurði forseta til fundarins, sem sker þá umræðulaust úr því máli.

19. gr.

Bregða má af fundarsköpum þessum, eftir uppástungu forseta, bæjarstjóra eða tveggja bæjarfulltrúa, enda samþykki að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ — tveir þriðju — þeirra bæjarfulltrúa, sem á fundi eru.

20. gr.

Til breytinga á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveimur bæjarstjórnarfundum, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfesting ráðherra.

Fundarsköp þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 45 27. júní 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

19

29. febr.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkvæmt lögum nr. 50 1946 um almannatryggingar.

Ákvæði til bráðabirgða við reglugerðina orðist svo:

Árið 1956 skulu iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. tryggingalaga nr. 50 1946, sbr. 27., 28. og 29. gr. laga nr. 116/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 95/1955, vera sem hér segir:

1. Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 107. gr. laga nr. 50 1946:

a. Kvæntir karlar:

| | |
|--------------------------|------------|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. 859.00 |
| Á 2. — | — 689.00 |

b. Ókvæntir karlar:

| | |
|--------------------------|------------|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. 774.00 |
| Á 2. — | — 623.00 |

c. Ógiftar konur:

| | |
|--------------------------|------------|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. 576.00 |
| Á 2. — | — 463.00 |

2. Iðgjöld þegna þeirra ríkja, sem gagnkvæmissamninga hafa um tryggingar við Ísland: 19
29. febr.

A. Þegnar Finnlands, Noregs og Svíþjóðar:

| | | |
|--------------------------|-----|--------|
| a. Kvæntir karlar: | | |
| Á 1. verðlagssvæði | kr. | 687.00 |
| Á 2. — | — | 551.00 |
| b. Ókvæntir karlar: | | |
| Á 1. verðlagssvæði | kr. | 619.00 |
| Á 2. — | — | 498.00 |
| c. Ógiftar konur: | | |
| Á 1. verðlagssvæði | kr. | 461.00 |
| Á 2. — | — | 370.00 |

B. Þegnar Danmerkur, aðrir en þeir, sem lög nr. 85 9. okt. 1946 veita sama rétt og íslenskum ríkisborgurum:

| | | |
|--------------------------|-----|--------|
| a. Kvæntir karlar: | | |
| Á 1. verðlagssvæði | kr. | 515.00 |
| Á 2. — | — | 413.00 |
| b. Ókvæntir karlar: | | |
| Á 1. verðlagssvæði | kr. | 464.00 |
| Á 2. — | — | 374.00 |
| c. Ógiftar konur: | | |
| Á 1. verðlagssvæði | kr. | 346.00 |
| Á 2. — | — | 278.00 |

3. Árið 1956 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og þau eru ákveðin í 1. og 2. lið hér á undan, sem hér segir:

| | | |
|---------------------|-----|--------|
| Á 1. verðlagssvæði: | | |
| Karlar | kr. | 350.00 |
| Ógiftar konur | — | 250.00 |
| Á 2. verðlagssvæði: | | |
| Karlar | kr. | 250.00 |
| Ógiftar konur | — | 180.00 |

4. Félagsmenn sérsjóða samkv. 133. gr. laga nr. 50 1946, skulu árið 1956 greiða iðgjald sem hér segir:

| | | |
|-----------------------|-----|--------|
| Á 1. verðlagssvæði: | | |
| Kvæntir karlar | kr. | 286.00 |
| Ókvæntir karlar | — | 243.00 |
| Ógiftar konur | — | 177.00 |
| Á 2. verðlagssvæði: | | |
| Kvæntir karlar | kr. | 222.00 |
| Ókvæntir karlar | — | 178.00 |
| Ógiftar konur | — | 132.00 |

5. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laga nr. 50 1946, sbr. 27. gr. laga nr. 116 1954 og 1. gr. laga nr. 95/1955:

| | | |
|--------------------------|-----|---------------|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. | 10.30 á viku. |
| Á 2. — | — | 7.75 — — |

19
29. febr.

Til loka febrúarmánaðar 1956 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50 1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

| | |
|--------------------------|-------------------|
| Á 1. verðlagssvæði | kr. 10.20 á viku. |
| Á 2. — | — 7.65 — — |

6. Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkv. 114. og 116. gr. laga nr. 50 1946, sbr. 29. gr. laga nr. 116/1954, og 1. gr. laga nr. 95/1955, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu þeirri, sem upphætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laga nr. 50 1946, skulu innheimt með álagi samkv. vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.
7. Skirteinagjald samkv. 127. gr. laga nr. 50 1946 ber að greiða með janúargreiðslu iðgjalds og skirteinin eða kvittun því aðeins afhent, að skirteinisgjaldið og janúargreiðslan hafi verið innt af hendi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 116/1954, sbr. lög nr. 95/1955, um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar auglýsingar nr. 47 frá 11. marz 1955 og nr. 4 frá 7. janúar 1956.

Félagsmálaráðuneytið, 29. febrúar 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.

20
16. febr.

FUNDARSKÖP

fyrir bæjarstjórn Neskaupstaðar.

1. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar er skipuð 9 kjörnum bæjarfulltrúum. Þeir ræða og gera ályktanir um bæjarmálefni á bæjarstjórnarfundum. Bæjarstjóri á sæti á bæjarstjórnarfundum með óbundnu málfrelsi og tillögurétti, en ekki atkvæðisrétti, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

2. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert kýs bæjarstjórn úr sínum hópi forseta bæjarstjórnar og tvo varaforseta. Sá er rétt kjörinn forseti, er flest atkvæði hlýtur. Fáí tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða. Með sama hætti skal kjósa varaforseta. Þeir gegna forsetastörfum í forföllum forseta, eða ef hans missir alveg við, unz nýr forseti er kosinn.

3. gr.

Forseti stjórnar fundum bæjarstjórnar. Hann sér um að allt fari vel og skipulega fram og í góðri reglu og eru bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skyldir að hlýta úrskurðum hans um allt, er fundarsköp varðar, en úrskurði hans má skjóta til úrlausnar bæjarstjórnar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapa. Forseti sér og um að gerðir bæjarstjórnar séu rétt og skipulega ritaðar í gerðabókina.